



Reykjavík, 21. mars 2019

*Umsögn um 83. mál, 149. löggjafarþing 2018–2019.*

*Tillaga til þingsályktunar um að heiðra minningu þeirra Íslendinga  
sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni.*

Sögufélag fagnar hugmyndum um að heiðra „á varanlegan hátt“ minningu þeirra Íslendinga sem fórust á árum heimsstyrjaldarinnar síðari. Sæmandi væri að gera það með því að reisa minnismerki á vel völdum stað.

Eins og rakið er í greinargerð með þingsályktuninni kostuðu styrjaldaráttökin fjölda íslenskra mannlífa. Sú staðreynd má ekki falla í gleymsku. Jafnframt beinir Sögufélag því eindregið til stjórnvalda að leita samráðs við þá aðila sem gleggst þekkja til atburða á stríðsárunum – sagnfræðinga og annarra. Mikilvægt er að vanda til verks svo full sátt ríki um minnismerkið og allir hafi sóma af.

Í framhaldi af þessu mætti spyrja hvort núlifandi Íslendingar geri sér almennt grein fyrir þeirri miklu fórn sem íslenskir sjómenn á fyrri tíð færðu í sókn þjóðarinnar til betra lífs. Á fyrsta áratug 20. aldar fórust á sjó að jafnaði nærri 70 menn á ári. Þetta er „gífurlegt þjóðartjón, sem iðulega er á borð við það, sem aðrar þjóðir bíða í mannskæðum styrjöldum,“ sagði Guðmundur Björnsson landlæknir í merkum fyrirlestri árið 1912 (*Lögrjetta* 10. apríl 1912). Er vitundin um þessa sögu lifandi í minni þjóðarinnar?

Hrefna Róbertsdóttir,  
forseti Sögufélags